



HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD



VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

BS-nám í viðskiptafræði

www.vidskipti.hi.is



Viðskiptafræði er metnaðarfullt, fjölbreytt og framsækið nám

Viðskiptafræðideild hefur gegnt forstuhlutverki í menntun stjórnenda og sérfræðinga á sviði viðskiptafræði í meira en sjö áratugi. Viðskiptafræðimenntun gerir kröfur til nemenda samhliða því að veita þeim góða fræðilega undirstöðu, virkja sköpunarkraftinn og hvetja til agaðra vinnubragða. Kennslan og vinna hagnýtra verkefna gefur nemendum góða innsýn í verkefni og áskoranir atvinnulífsins. Það er metnaður Viðskiptafræðideildar að tryggja nemendum góða menntun sem nýtur trausts í samfélaginu og hefur á sér gæðastimpil.

Sérfræðipekking og sterk tengsl við atvinnulífið

Alþjóðavæðing, ör tækniþróun, vaxandi samkeppni, nýir viðskiptahættir og aukið flækjustig gera viðskiptafræði að

grein í stöðugri þróun. Innan deildarinnar er lögð áhersla á að miðla framúrskarandi og alþjóðlega viðurkenndri þekkingu með samstarfi við erlenda háskóla og með því að vera leiðandi í rannsóknnum, kennslu og þjónustu við íslenskt atvinnulíf. Við deildina starfa helstu sérfræðingar landsins á öllum sviðum viðskiptafræða og hefur hún um áraraðir viðhaldið sterkum tengslum við atvinnulífið. Kennarar og sérfræðingar sem starfa við deildina eru ýmist við störf í atvinnulífinu, eða eru kallaðir til ráðgjafa- og trúnaðarstarfa. Hin virku tengsl við atvinnulífið skipar viðskiptafræðináminu í Háskóla Íslands í fremstu röð.

BS-nám í viðskiptafræði

BS-nám í viðskiptafræði er byggt þannig upp að á fyrstu fjórum misserum námsins eru kenndar helstu undirstöðugreinar í viðskiptafræði sem gefa nemendum traustan grunn í lykilþáttum viðskipta. Má þar nefna námskeið í rekstrarhagfræði, stjórnun, reikningshaldi, markaðsfræði og fjármálum. Á þriðja ári hefst eiginleg sérhæfing námsins. Náminu lýkur með lokaritgerð þar sem lögð er áhersla á að prófa og þjálfra faglega hæfni og sjálfstæð vinnubrögð.

Skipulag BS-náms í viðskiptafræði

	Haustmisseri	Vormisseri
1. ár	<ul style="list-style-type: none">Inngangur að fjárhagsbókhalddiInngangur að markaðsfræðiVinnulag og aðferðafræðiRekstrarhagfræði IStærðfræði A	<ul style="list-style-type: none">Markaðsfærsla þjónustuRekstrarbókhalddiTölfræði AUI-tölvunotkun og töflureiknirInngangur að stjórnun
2. ár	<ul style="list-style-type: none">Fjármál ILögfræði ATölfræði AUtánríkisverslun (e)*Þjóðhagfræði I	<ul style="list-style-type: none">Stjórnun og skipulagsheildirFjármál IIRekstrarstjórnunTjáning og samskipti (e)* eða ReikningskilTölfræði B
3. ár	<ul style="list-style-type: none">4 námskeið á kjörsviði4-5 valgreinarRitgerð 6 eða 12 einingar	

*Námskeiðið er kennt á ensku.

Tölfræði A verður framvegis kennd á vormisseri. Kennt haust og vor 2016-2017. **Tölfræði B** verður framvegis kennd á haustmisseri (2017-2018). **Rekstrarhagfræði II** verður skyldunámskeið á kjörsviði Fjármál á 2. ári, vor 2018 og framvegis, en valnámskeið á öðrum kjörsviðum BS í viðskiptafræði. **Þetta á við nemendur, sem hefja nám haust 2016.**

Árni Oddur Þórðarson, forstjóri Marel:

„Námið í Háskóla Íslands við Viðskiptafræðideild var frábær tími í alla staði. Ég var mjög virkur þátttakandi í félagsmálum sem formaður Mágusar og kynntist fjölda fólks með ólíkan bakgrunn í gegnum stúdentapólitíkina. Allt góðir vinir í dag og samferðafólk í samfélaginu. Áhugamál mín í náminu voru einkum stefnumótun og fjármál. Síðar skildi ég að undirstöðurnar þurfa að vera mun viðtækari og fór ég því í framhaldsnám, í MBA í Sviss. Þar bætti ég við mig almennri stjórnun, framleiðslustýringu og markaðsmálum. Ég skora á nemendur að taka það besta úr hverri námsgrein og nota vel þá verkfærakistu sem þeir setja saman í náminu í hinum ýmsu störfum sem þeim verður treyst fyrir.“



BSF Fjármál

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á fjármál er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að búa nemendur undir almenn stjórnunarstörf. Í öðru lagi að búa nemendur undir sérfræðistörf á sviði fjármála og í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám á sviði fjármála. Að loknu námi eiga nemendur m.a. að vera færir um að starfa við fjármálastjórn; við ýmis sérhæfð viðfangsefni banka og verðbréfafyrirtækja og að gerð ýmis konar fjárhags- og fjármögnunaráætlana. Hyggi nemendur á framhaldsnám í fjármálum, þurfa þeir að velja sérgreinar úr reikningshaldslínunni, BS-R.

BSM Markaðsfræði og alþjóðaviðskipti

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á markaðsfræði og alþjóðaviðskipti er tvíþætt: Annars vegar að búa nemendur undir almenn stjórnunarstörf og sérfræðistörf í markaðsdeildum fyrirtækja og stofnana, hins vegar að búa nemendur undir framhaldsnám á sviði markaðsfræða og alþjóðaviðskipta. Að loknu námi eiga nemendur m.a. að geta tekið þátt í gerð markaðs- og viðskiptaáætlana fyrir fyrirtæki og stofnanir; unnið að ýmsum sérhæfðum verkefnum sem tengjast markaðsáætlanagerð; fjallað um og kynnt niðurstöður verkefna á íslensku og ensku.

BSR Reikningshald

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á reikningshaldi og reikningsskilum félaga. Í öðru lagi að nemendur hafi haldgóða þekkingu á fræðilegum hugtökum og beitingu þeirra, hafi þekkingu á lagaumhverfi reikningshalds og kunni skil á gildandi reglum um skattlagningu hlutafélaga. Í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám í reikningshaldi. Að loknu námi eiga nemendur m.a. að geta starfað við bókhald í víðum skilningi; s.s. bókhaldsuppgjör, gerð ársreikninga, gerð fjárhags- og rekstrargreininga og gerð fjárhagsáætlana fyrirtækja. Ætli nemendur í framhaldsnám í reikningshaldi, þurfa þeir að velja sér greinar úr fjármálalínunni BS-F.

BSS Stjórnun

Markmið náms í viðskiptafræði með áherslu á stjórnun og forystu er þrjúþætt. Í fyrsta lagi að nemendur öðlist haldgóða þekkingu á undirstöðuatríðum, kenningum og hugtökum stjórnunarfræðanna. Í öðru lagi að nemendur öðlist færni í að beita aðferðafræði þeirra við úrlausn viðfangsefna sem tengjast stjórnun, ráðgjöf og sérfræðistörfum. Í þriðja lagi að búa nemendur undir framhaldsnám og frekari sérhæfingu á sviði stjórnunar og stefnumótunar. Að loknu námi eiga nemendur m.a. að vera færir um að taka þátt í undirbúningi og framkvæmd stefnumótunar; að starfa á sviði starfsmannamála; að stýra verkefnum tengdum rekstri og framleiðslu; að vinna ýmis önnur sérhæfð verkefni eins og gæðastjórnun og breytingastjórnun.

Nánari upplýsingar um námsleiðir eru á www.vidskipti.hi.is.

Viðskiptafræði sem 60 eininga aukagrein

Viðskiptafræðideild býður upp á þrjár námsleiðir fyrir nemendur sem vilja taka viðskiptafræði sem 60 eininga aukagrein. Öll námskeið í Viðskiptafræðideild eru metin til 6 eininga. Nemendur í fullu námi ljúka 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði.

60 eininga aukagrein í viðskiptafræði

Nemendur ljúka 10 námskeiðum sem kennd eru í grunnnámi í viðskiptafræði, þar af minnst 6 námskeiðum sem kennd eru á fyrsta ári.

60 eininga aukagrein í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum

Aukagreinin er sérstaklega hugsuð fyrir nemendur á Félagsvísindasviði, Hugvísindasviði og í Raunvísindadeild (ferðamálafræði).

60 eininga aukagrein í stjórnun og stefnumótun

Nemendur taka 10 námskeið, sem ýmist fjalla sérstaklega um stjórnun og stefnumótun fyrirtækja eða almennt um viðskiptafræði. Nánari upplýsingar um námsleiðir eru á www.vidskipti.hi.is.

Nám í viðskiptafræði samhliða starfi

Í umboði Viðskiptafræðideildar býður Viðskiptafræðistofnun, gegn gjaldi, upp á ýmsar leiðir fyrir þá sem vilja leggja stund á nám samhliða starfi. Boðið er upp á stök námskeið á BS stigi, en einnig er hægt að ljúka 60 og 120 eininga diplóma námi. Námsefni og kröfur eru þær sömu og í dagskólanum en fyrirkomulag er með öðru sniði. Kennd eru að meðaltali

þrjú námskeið á misseri þar sem hvert námskeið er kennt á sex vikum. Kennt er tvisvar í viku utan hefðbundins vinnutíma. Nemendur í dagskóla eiga kost á því að taka einstaka námskeið í kvöldskólanum gegn gjaldi ef þeir vilja flýta fyrir sér. Nánari upplýsingar eru á www.vmv.hi.is.

Stytttri námsbrautir samhliða starfi

Viðskiptafræðistofnun býður einnig, gegn gjaldi, upp á tveggja missera námsbrautir í reikningshaldi, stjórnun markaðsmála og stjórnun og stefnumótun. Kennd eru sex sérhæfð námskeið, eitt námskeið í einu, og lýkur hverju námskeiði með viðeigandi námsmati. Nánari upplýsingar á www.vmv.hi.is.

Félagslíf í Viðskiptafræðideild

Félag viðskiptafræðinema heitir Mágus. Félagið hefur staðið fyrir öflugum starfi í þágu nemenda um áratuga skeið. Markmið félagsins er að standa vörð um hagsmuni nemenda og að sjá þeim fyrir dægrastyttingu. Fulltrúar félagsins taka þátt í stefnumörkun Viðskiptafræðideildar með því að sitja deildarfundi. Viðburðir sem Mágus stendur fyrir eru m.a. nýnemakvöld, skákmót, golfmót og árs hátíðir, opnir fyrirlestrar og vísindaferðir. Mágus er einnig aðili að NESU sem eru samtök viðskipta- og hagfræðinema á Norðurlöndum. Nánari upplýsingar eru á www.magus.is.



Alþjóðlegt samstarf og skiptinám

Viðskiptafræðideild er í nánú samstarfi við fjölda erlendra háskóla og tekur námið mið af kröfum og námsefni bestu háskóla erlendis. Árlega fer fjöldi nema við Viðskiptafræðideild í skiptinám og fjöldi erlendra skiptinema sækir deildina heim, en hluti námskeiða í deildinni er kenndur á ensku. Í gildi eru tvíhliða samningar milli fjölmargra háskóla erlendis, þar á meðal í Bandaríkjunum, Kanada, Ástralíu, Japan og Argentínu. Í boði eru einnig fjölmargir styrkir til nema sem vilja fara í skiptinám. Nánari upplýsingar eru á heimasíðu Alþjóðaskrifstofu, www.ask.hi.is.

Einingakerfi

Allt nám við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands er metið í alþjóðlega viðurkenndum einingum (ECTS). Nemendur í fullu námi ljúka 60 einingum á námsári eða 30 einingum á misseri að jafnaði. Nemendur í fullu námi geta lokið grunnnámi við deildina á þremur árum.

Frábær aðstaða fyrir nemendur

Á Háskólatorgi og í Gimli er frábær vinnuaðstaða fyrir nemendur. Í byggingunni eru m.a. fyrirlestrasalir, kennslustofur, tölvuver með yfir 70 tölvum og lesrými fyrir grunnema. Á Háskólatorgi er einnig þjónusta við nemendur svo sem Bóksala stúdenta, Námsráðgjöf, Nemendaskrá, Alþjóðaskrifstofa, Stúdentakjallarinn og Háma, veitingasala nemenda og starfsmanna.

Mentorar

Nýnemum býðst að taka þátt í mentoraverkefni Viðskiptafræðideildar. Þá er nýnemum á 1. ári í BS-námi úthlutaður mentor úr hópi eldri nemenda. Hlutverk mentorsins er að hjálpa nýnemum að aðlagast nýjum skóla, vísa á þá þjónustu sem þeir eiga kost á og almennt að miðla af reynslu sinni af náminu. Mentorar vinna í nánú samstarfi við skrifstofu Viðskiptafræðideildar.

Umsóknir og inntökuskilyrði

Umsóknarfestur í grunnnám er til og með 5. júní. Rafræn umsóknareyðublöð má nálgast á www.hi.is. Umsókninni þarf að fylgja afrit af stúdentsprófsskirteini. Umsækjendur þurfa að hafa lokið stúdentsprófi af bóknámsbraut eða sambærilegu prófi að mati deildar. Stúdentspróf að lokinni viðskiptabraut og viðbótarnámi, samkvæmt aðalnámskrá framhaldsskóla, teljast sambærileg stúdentsprófi af bóknámsbraut.





HÁSKÓLI ÍSLANDS
VIÐSKIPTAFRÆÐIDEILD

Viðskiptafræðideild · Gimli v/Sæmundargötu · 101 Reykjavík · sími: 525 4500 · fax: 552 6806 · gimli@hi.is www.vidskipti.hi.is
